

[Mál S-117/2023 – Skýrsla starfshóps um strok úr sjókvíaeldi](#)

Þann 22. júní 2023 var „Skýrsla starfshóps um strok úr sjókvíaeldi“ birt á samráðsgátt stjórnvalda og var umsagnarfrestur gefinn til 24. júlí. Alls bárust 6 umsagnir á þeim tíma.

Umsögn Ísafjarðarbæjar

Bæjaráð Ísafjarðarbæjar fagnaði framkominn skýrslu um strok úr sjókvíaeldi. Bæjarráðið tók ekki afstöðu til einstakra tillagna skýrslunnar en lagði að stjórnvöldum og eldisfyrirtækjum að hraða innleiðingu alls þess sem minnkað getur strok og afleiðingar þess.

Umsögn Arnarlax

Arnarlax ehf. sendi inn athugasemdir við einstaka tillögur skýrslunnar. Athugasemdir Arnarlax lutu m.a. annars að tillögum starfshópsins varðandi fjölda útsettra fiska (tillaga 3.1.1.), stærð seiða (tillaga 3.1.2.), eftirliti með framleiðsluskýrslum (tillaga 3.2.3) og sektarheimildum (tillaga 3.3.7).

Í umsögn sinni tók Arnarlax sérstaklega fram að ekki væru gerðar athugasemdir við eftirfarandi tillögur: Möskvastærð (tillaga 3.2.4), ferli tilkynningar (tillaga 3.3.1), heimildir Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu til að taka sýni (tillaga 3.3.3), aðferðir við veiðar og kostnað við þær (tillaga 3.3.4), eftirfylgni með erfðagreiningum (tillaga 3.3.6), veiðistjórnun veiðifélaga (tillaga 3.4.3), gagnagrunn og birting upplýsinga (tillaga 3.4.5), ófjór lax (tillaga 3.4.6), lokaðar sjókvíar (tillaga 3.4.7) og NS 9415 staðall (tillaga 3.4.10).

Umsögn Verndarsjóðs Villtra Laxastofna (NASF á Íslandi)

Í umsögn NASF sagði að margar af tillögum starfshópsins séu framför miðað við núverandi regluverk, en það sé þó álit NASF að langflestar þeirra muni á engan hátt koma í veg fyrir strok og þar af leiðandi ekki vernda villta laxastofna og vistkerfi.

Þá gerði NASF athugasemdir við einstaka tillögur starfshópsins. Þeirra á meðal voru stærð seiða, eftirlit með fóðurnotkun, eftirlit með framleiðsluskýrslum, heimildir Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu til að taka sýni og eftirfylgni með erfðagreiningum.

Umsögn Stangveiðifélags Reykjavíkur (SVFR)

Í umsögn SVFR kom fram að margar af þeim tillögum sem starfshópurinn hafi sett fram séu góðar en það sé þó álit SVFR að langflestar þeirra muni á engan hátt koma í veg fyrir strok og þar af leiðandi ekki vernda villta laxastofna og vistkerfi.

Umsögn Jóhannesar Sturlaugssonar

Í umsögn Jóhannesar sagði m.a. eftirfarandi:

„Nú er skýrsla um starfshópsins um strok komin fram og hvergi í þeirri samantekt birtast þær þungu áhyggjur sem nýjar upplýsingar ættu að kalla fram bæði frá umræddri vöktunarrannsókn í Arnarfirði og yfirgripsmikilli rannsókn Hafrannsóknarstofnunar. Á sama hátt og umræða um frekari varnagla um framgang sjókvíaeldis hér við land með vísun í þær sláandi niðurstöður sem liggja nú fyrir. Ljóst er að skýrsla starfshóps um strok úr sjókvíaeldi líkt og stefnumótunarplagg Matvælaráðuneytisins er ekki tækt vegna þess að ekki var unnið með þessar nýju grunnupplýsingar sem vitna um að áhrif laxeldis í sjókvíum á villta laxastofna hérlendis er mun meira og útbreiddara en áður var talið. Þær niðurstöður verður að vinna með strax til að lágmarka frekari skaða. Strok á eldislögum úr sjókvíum sem og viðbrögð við hrygningu eldislaxa úr slíkum sleppingum er ekki hægt að skoða af neinu viti nema á grundvelli þess hvaða áhrif slíkar reglubundnar sleppingar úr sjókvíum hafa á íslenska laxastofna, nær

sem fjær eldinu. Nú liggja slík marktæk gögn fyrir í skýrslu Hafrannsóknastofnunar sem gefin var út fyrir í þessum mánuði og í gögnum frá rannsóknum Laxfiska og samstarfsaðila í ám Arnarfirðinum. Nota verður þessi gögn til að uppfæra alla þá ferla sem af sjókvíaeldinu leiða hvað varðar það sjókvíaeldi sem nú þegar er í gangi. Öllu skiptir að nú verði nýju niðurstöðurnar er sýna vandann sem við erum komin í nýttar til að breyta um kúrs, þannig að tilvist íslenskra laxastofna ráði för en ekki gróðahagsmunir eldisiðnarins.“

Umsögn Landssambands veiðifélaga (LV)

LV gerði sérstaka athugasemd við að hafa ekki átt sæti í starfshópnum. Þá gerði LV athugasemdir við einstaka athugasemdir starfshópsins. Að endingu tók LV eftirfarandi fram: „LV fagnar öllum tillögum sem miða að því að takmarka það tjón sem sjókvíaeldi mun valda villtum stofnum laxfiska og þeim sem byggja afkomu sína á nýtingu þeirra. Í því skyni hvetur LV stjórnvöld til að innleiða allar þær tillögur sem fram koma í skýrslunni með þeim viðbótum sem LV hefur lagt til í þessum athugasemdum. Að því sögðu þá ítrekar LV að engar mótvægisáðgerðir munu ná að koma í veg fyrir yfirvofandi tjón á villtum stofnum. Eldislax mun alltaf sleppa úr opnum sjókvíum. Að lokum ítrekar LV áður framkomnar kröfur sínar og áskoranir til stjórnvalda um að gerð verði tímasett áætlun um að hverfa að fullu frá sjókvíaeldi á laxi hér við land.“

Matvælaráðuneytið þakkar öllum þeim sem sendu inn umsagnir fyrir þeirra framlag. Innsendar umsagnir og athugasemdir voru hafðar til hliðsjónar þegar matvælaráðuneytið tók tillögur starfshópsins til frekari skoðunar, s.s. í tengslum við undirbúning [frumvarps til laga um lagareldi](#) og [stefnumótunar lagareldis](#).